



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

LISIECKI SPILAR SCHUMANNIN

18. OKTÓBER
2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd tónleika:

Les Offrandes oubliées: 9'

Píanókonsert: 30'

Pohádka: 30'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

LISIECKI SPILAR SCHUMANN

Bertrand de Billy
hljómsveitarstjóri

Jan Lisiecki
einleikari

EFNISSKRÁ

Olivier Messiaen

Les Offrandes oubliées (Gleymdar fórnargjafir) (1930)
Krossinn–Syndin–Altarissakramentið

Robert Schumann

Píanókonsert í a-moll op. 54 (1841/45)

Allegro affettuoso

Intermezzo: Andantino grazioso

Allegro vivace

Hlé

Josef Suk

Ævintýri (Pohádka) op. 16 (1898/1900)

Hin sanna ást Raduz og Mahulenu og raunir þeirra

Intermezzo: Leikur með svönum og páfuglum

Intermezzo: Útfarartónlist

Bölvun Runu og sigur ástarinnar

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



BERTRAND DE BILLY

HLJÓMSVEITARSTJÓRI


Franski hljómveitarstjórinn Bertrand de Billy þykir sérlega innblásinn stjórnandi og stýrði nýverið rómaðri uppfærslu af *Tosca* við Metropolitan-óperuna í New York, en þar hefur hann verið tíður gestur síðan 1997. Hann er jafnvígur á sinfónísk verk og óperur og stjórnar tónlist frá ýmsum tímum, frá tónlist Bachs til samtímatónverka.

Bertrand de Billy kemur reglulega fram með hljómveitum á borð við Cleveland-hljómveitina, Sinfóníuhljómveit Bæverska útvarpsins, Staatskapelle Dresden, Orchestre de Paris, Konzerthaus-hljómveitina í Berlín og NHK-hljómveitina í Tókýó, auk þess sem hann stjórnar í óperuhúsum á borð við Royal Opera House í Covent Garden í Lundúnum, Opéra National í Paris og óperuhúsunum í Washington og Los Angeles.

Bertrand de Billy fæddist í París 1965 og lærði bæði á píanó og fiðlu áður en hann sneri sér að hljómveitarstjórn. Frá 1993-95 starfaði hann sem aðalstjórnandi og listrænn ráðgjafi óperunnar í Anhaltisches Theatre í Dessau í Þýskalandi, en færði sig yfir til Þjóðaróperunnar í Vínarborg 1996. Árið 1999 tók hann við tónlistarstjórastöðu við Gran Teatre del Liceu í Barcelona, en starfaði frá 2002-2010 sem tónlistarstjóri útvarshljómveitarinnar í Vínarborg. Árið 2013 tók hann við stöðu sem aðalgestastjórnandi Orchestre de Chambre de Lausanne í Sviss, en síðan 2014 hefur hann gegnt sömu stöðu við Fílharmóníuveitina í Dresden.

Bertrand de Billy hafa hlotnast mörg fjöldamörg verðlaun og viðurkenningar fyrir störf sín – meðal annars riddarátign af Orðu bókmennta og lista í Frakklandi. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann kemur fram hér á landi, en mörgum íslenskum tónleikagestum er enn í fersku minni þegar hann stjórnaði Sinfóníuhljómveit Íslands í Háskólabíói vorið 2011 og Isabelle Faust lék fiðlukonsert Beethovens.



 @janlisiecki

JAN LISIECKI

Einleikari

Pótt kanadíski píanistinn Jan Lisiecki sé ekki nema 23 ára gamall spannar ferill hans nú þegar rúman áratug. Hann vakti fyrst heimsathygli þegar hann lék píanókonsert Chopins á Chopin-hátíðinni í Varsjá árið 2008, tólf ára gamall, og sama ár lék hann í fyrsta sinn í Carnegie Hall. Tveimur árum síðar var hann kominn með samning hjá þýska útgáfuris-
anum Deutsche Grammophon, en undir merkjum hans hefur Lisiecki gefið út hljóðritanir af ýmsum verkum Chopins fyrir píanó og hljómsveit, auk rómaðrar upptöku á píanókonsert Schumanns með Santa-Cecilia hljómsveitinni í Róm undir stjórn Antonio Pappano.

Lisiecki er af pólskum ættum, fæddist 1995 í Alberta í Kanada, og hóf píanónám 5 ára. Hann kom fyrst fram með hljómsveit 9 ára og hefur síðan leikið með mörgum helstu hljómsveitum heims, svo sem Fílharmóníusveitinni í New York, Orchestre de Paris, og Fílharmóníusveitinni í Rotterdam, með hljómsveitarstjórum á borð við Claudio Abbado, David Zinman, Paavo Järvi og Yannick Nézet-Séguin. Á yfirstandandi starfsári þreytir Lisiecki frumraun sína á áskrifartónleikum með hljómsveitum á borð við Sinfóníuhljómsveitina í Boston, Sinfóníuhljómsveit Vínarborgar og Staatskapelle-sveitina í Dresden, auk þess sem hann leikur á einleikstónleikum í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.

Lisiecki hefur þegar hlotið fjölmörg verðlaun fyrir leik sinn. Hann var valinn Ungi listamaður ársins á Gramophone-verðlauninum 2013 og sama ár hlotnuðust honum verðlaun kennd við Leonard Bernstein.



OLIVIER MESSIAEN

LES OFFRANDES OUBLIÉES

Franska tónskáldið Olivier Messiaen (1908–1992) er um margt einstakt í tónlistarsögu tuttugustu aldar, ekki síst fyrir sterkan, trúarlegan innblásturinn sem einkennir verk hans á tímum þegar veraldleg viðfangsefni voru flestum tónskáldum hugstæðari. Sjálfur komst hann svo að orði að merkingarfyllsti þáttur tónsmíða sinna – og ef til vill sá eini sem hann myndi ekki sjá eftir á dauðastundinni – væri sá sem „varpaði ljósi á guðspekilegar staðreyndir kaþólskrar trúar.“

Þessar guðspekilegu staðreyndir eru allsráðandi strax í fyrsta hljómsveitarverkinu sem Messiaen sendi frá sér, aðeins 22 ára að aldri, en það nefnist *Les Offrandes oubliées*, eða *Gleymdar fórnargjafir*. Verkið rekur hvernig hin mikla fórn Jesú Krists gleymist manningum í syndavafstri sínu, en rifjast upp á ný með aðstoð helgisíða kirkjunnar og veitir þannig líkn og frið. Það kom út rétt eftir útskrift tónskáldsins úr Parísar-konservatoríinu sumarið 1930, var frumflutt hálfu ári síðar og vakti strax athygli. Franskir gagnrýnendur lofuðu frumleika þess og kraft, og einn hafði sérstaklega orð á því hve óvenjulegt væri að samtímatónlist byggji yfir svo mikilli tilfinningu og dýpt.

Les Offrandes oubliées ber undirtítilinn „sinfónísk hugleiðing“ og skiptist í þrjá samhangandi hluta: Krossinn, Syndina og Altarissakramentið. Upphafskaflinn er hægur og tregafullur – enda ætlað að túlka þjáningu Jesú á krossinum. Skyndilega er djúp sorgarandaktin rofin: Hraður og kraftmikill miðkaflinn ryðst fram, en þar er örvæntingarfullur ofsi syndarinnar allsráðandi. Í texta sem fylgir verkinu segir Messiaen að hér sé dregin upp mynd af því hvernig mannskepnan fellur í linnulausum, óseðjandi tryllingi ofan í botnlaust hyldýpi syndarinnar. Lokakaflinn, leikinn samkvæmt leiðbeiningum tónskáldsins „af djúpri samúð og miklum kærleika“, færir okkur svo að lokum mildi og fyrirgefningu – í Altarissakramentinu birtist endurlausnin sem mannkyninu hlotnast fyrir kærleika Krists.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Les Offrandes oubliées hefur einu sinni áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands en það var 6. október 1983 undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat. Í mars 1971 var áætlað að flytja verkið á tónleikum sveitarinnar undir stjórn Bohdans Wodiczko en efnisskránni var breytt á síðustu stundu og verkið tekið út.



ROBERT SCHUMANN

PIÁNÓKONSERT

Framan af tónsmíðaverki sínum einbeitti Robert Schumann (1810–1856) sér að skrífum fyrir píanó. Sjálfur stefndi hann á frama sem píanóleikari áður en handameiðsl settu strík í reikninginn, og samdi hann þá gjarnan verk til þess að leika sjálfur. Síðar samdi hann píanóverkin oftar en ekki fyrir Clöru, konuna sína, en hún var meðal fremstu píanóleikara samtíðarinnar, og dóttir hins virta Friedrichs Wieck, píanó-kennara Schumanns. Sá kærði sig reyndar ekkert um að eignast tónskáldið fyrir tengdason, og varð því hjónabandið ekki að veruleika fyrir en eftir þriggja ára þref fyrir dómstólum.

Þrátt fyrir að vera á heimavelli við slaghörpuna tók það Schumann mörg ár og nokkrar misheppnaðar tilraunir að semja einleikskonsert fyrir píanó og hljómsveit. Elstu atrennur hans að forminu eru frá 1827, en fyrstu fjórar tilraunir hans dögudu uppi sem skissur. Ef til vill var ástæða þess hve Schumann sóttist seint að semja píanókonsert sú að hann taldi fyrirbærið sem slíkt á krossgötum. Hann hafði litla trú á píanókonsertum samtímamanna sína og vildi finna forminu algerlega nýjan farveg. Árið 1839 hafði hann skrifað Clöru í bréfi að hann gæti ekki skrifað „konsert fyrir virtúósa“, og honum gramdist að píanókonsertinni væri jafnan álitinn léttúðug tónsmíð, eins konar flugeldasýning þar sem fingrafimi einleikarans væri í aðalhlutverki en tónlistarleg dýpt af skornum skammti. Það verður að viðurkennast að dómur sögunnar er Schumann hliðhollur í þessum efnum, enda eru virtúósakonsertar kollega hans á borð við Kalkbrenner, Thalberg, Herz og Pixis sjaldan á dagskrá tónleikahúsa okkar daga.

Þessar hugleiðingar Schumanns báru loks ávöxt árið 1841 þegar hann lauk við Fantasíu fyrir píanó og hljómsveit, einþáttung sem frumfluttur var á einkatónleikum í Leipzig sama ár. Þá var það einmitt Clara Schumann sem lék á píanóið, en hljómsveitinni stjórnaði vinur þeirra hjóna, tónskáldið Felix Mendelssohn. Verkið var þó hvorki leikið aftur né gefið út, og það var ekki fyrir en fjórum árum síðar að Schumann tók Fantasíuna upp úr skúffunni á ný og gerði hana að fyrsta kafla Píanó-konsertsins í a-moll. Kaflinn er bæði angurvær og ástríðufullur, enda ber hann yfirskriftina Allegro affettuoso – hratt og með ástúð. Þrátt fyrir að heilsu Schumanns væri tekið að hraka og ýmsir erfiðleikar stöðjuðu að heimilislífínu urðu hinir þættir konsertsins til á undraskömmum tíma, þokkafullur og blíður miðkafla og líflægur og uppfinningasamur lokaspættur. Það var svo auðvitað Clara Schumann sem frumflutti verkið á nýársdag 1846.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þórunn Jóhannsdóttir (síðar Ashkenazy) frumflutti píanó-konsert Schumanns á Íslandi, í Þjóðleikhúsinu árið 1955. Síðan hefur Sí flutt verkið 12 sinnum, m.a. við einleik Jórunnar Viðar (1957), Wilhelms Kempff (1966), Cristinu Ortiz (1976), Önnu Áslaugar Ragnarsdóttur (1987) og Krystynu Cortes (1992) og Antti Siirala 2009, en síðast lék hljómsveitin verkið með bandaríska píanóleikaranum Jonathan Biss í Royal Albert Hall á Proms-hátíðinni í Lundúnum sumarið 2014.

Ekki voru allir samtímamenn Schumanns sannfærðir um ágæti konsertsins, og þótti sumum hann tilþrífalítill. Fræg eru ummæli tónskáldsins og píanóleikarans Franz Liszt, sem gekk svo langt að kalla hann „konsert án píanós“. Það er þó óhætt að segja að Schumann hafi með þessu verki tekist hið sanna ætlunarverk sitt: Að beina píanókonsertinum á nýja braut. Í stað þess að einleikari og hljómsveit skiptist á að láta ljós sitt skína eru hlutverk þeirra hér samofin hvort öðru og andrúmsloftið er innilegt – næstum eins og í kammertónlist. Þótt konsertinn sé vissulega krefjandi fyrir einleikarann er fingrafimin hér þjónn tónlistarinnar og þéttofins samspilsins við hljómsveitina. Auk lipurðarinnar krefst verkið svo tilfinningalegrar dýptar, fágunar og smekkvísi ef vel á að takast. Og enn er dómur sögunnar hliðhollur Roberti Schumann – Píanókonsertinn í a-moll óx hratt í vinsældum eftir frumflutninginn, og er enn í dag meðal dáðustu píanókonserta tónlistarsögunnar.



JOSEF SUK

POHÁDKA

Pað olli straumhvörfum í lífi Josefs Suk (1874–1935), upprennandi tónskálds og fíðluleikara frá litlu þorpi í Bæheimi, þegar hann kynntist höfuðtónskáldi Tékka, Antonín Dvořák, á síðasta námsári sínu við Konservatoríið í Prag. Suk varð fljótlega eftirlætisnemandi Dvořáks, góður vinur – og að lokum tengdasonur. Við tók mikið hamingjutímabil í lífi tónskáldsins unga, og báru tónsmíðarnar þess merki – ekki síst hljómsveitarsvítan *Pohádka* eða *Ævintýri*, enda umfjöllunar-efni hennar sigur ástarinnar. Suk samdi svítuna upp úr eigin leikhústónlist fyrir uppsetningu landa síns, Juliusar Zeyers, á ævintýrinu *Radúz og Mahulenu*. Leikritið fór á fjalirnar 1898, sama ár og Suk kvæntist sinni heittelskuðu Otilie Dvořákovu, en svítan var frumflutt 1901.

Verkið er í fjórum þáttum. Í þeim fyrsta eru aðalpersónurnar kynntar: Prinsinn Radúz og prinsessan Mahulena fella hugi saman þótt fjandskapur ríki milli landa þeirra. Einleiksfiðla flytur ljúfan ástarsöng og litríkur hljómsveitarvefnaður færir okkur inn í gróðursælt sveitalandslag. Um miðbik kaflans dregur ský fyrir sólu – málmblásararnir minna á þau illu öfl sem vinna gegn elskendunum – en svo rofar til og draumkennd ást-arsælan tekur völdin á ný. Í öðrum kafla er hamingja sveitalífsins fest í sessi með líflegum þjóðdönsum, en í þriðja kafla hefur dauðinn knúð dyra í leikriti Zeyers. Aldinn konungur er fallinn frá og tónlistin er harmræn og virðuleg í senn. Lokakaflinn hefst á mikilli dramatík. Móðir Mahulenu, hin illa drottning og seiðkerling Runa, hefur lagt á elskendurna bölvun: Radúz er lostinn minnisleysi og ráfar nú um í skóginum án þess að muna nokkuð eftir heitmei sinni – en henni hefur Runa breytt í ösp. Dularfull þrá leiðir þó prinsinn að öspinni sem andi Mahulenu býr í. Hann heggur tréð, léttir álögunum og leysir ástina sína úr þrúundinni.

Þótt ástin sigri í ævintýrunum getur líf tónskáldanna verið nóturlegra. Aðeins fáeinum árum eftir að Pohádka leit dagsins ljós voru bæði Otilie og Antonín Dvořák látin eftir skammvinn veikindi. Josef Suk varð aldrei samur eftir þessi áföll, og tónsmíðar hans tóku miklum breytingum í kjölfarið. Áhrif læriföðurins Dvořáks viku fyrir innhverfara, stríðara og tilraunakenndara tónmáli. Síðar átti Suk eftir að semja stór og metnaðarfull hljómsveitarverk í anda Mahlers og Strauss, en hann kvæntist aldrei að nýju.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Pohádka eftir Josef Suk hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á síðustu árum hafa þó kammerverk Suks hljómað oft á tónleikum á Íslandi, bæði í flutningi íslenskra og erlendra hljóðfæraleikara.

Á DÖFINNI

FM 25 OKT 19:30



NOBU & ASHKENAZY

Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð um Japan. Hljómsveitin mun leika á 12 tónleikum víðsvegar um Japan, m.a. í Osaka, Nagoya og Hiroshima og Tókýó. Nú þegar er orðið uppselt á flesta tónleika sveitarinnar. Hljómsveitarstjóri verður Vladimir Ashkenazy, aðalheiðurshljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en hann hefur notið gífurlegra vinsælda í Japan um áratuga skeið. Píanistinn Nobu er einnig stórstjarna í heimalandi sínu og hefur komið fram í öllum helstu tónleikahöllum heims. Hann hefur verið blindur frá fæðingu en lætur það ekki aftra sér og lærir jafnvel erfiðustu verk píanóbókmenntanna eftir heyrn.

Áskrifartónleikarnir 25. október eru eins konar upphitun fyrir ferðalagið og er efnisskráin hin sama og flutt verður í Japan. Píanókoncert nr. 2 eftir Rakhmanínov er eitt vinsælasta tónverk allra tíma sem gefur Nobu óþrjótandi tækifæri til að sýna snilli sína. Sinfónía nr. 2 eftir Sibelius er sömuleiðis mikið meistara- verk enda var það hún sem þeytti tónskáldinu upp á stjörnuhimin sígildrar tónlistar. *Jökulljóð* samdi Þorkell Sigurbjörnsson árið 1998 sérstaklega að beiðni Ashkenazys og mun það einnig hljóma í Japansferð hljómsveitarinnar til þess að minnast þess að Þorkell hefði orðið áttræður á árinu.

Tónleikarnir verða teknir upp í mynd og streymt beint á vef hljómsveitarinnar www.sinfonia.is.

FM 06 DES 19:30



AÐVENTUTÓNLEIKAR BACH, RAMEAU OG MOZART

Á aðventutónleikunum Sinfóníuhljómsveitarinnar hljómar „óperu-ballettinn“ *Les indes galantes* eftir Rameau þar sem brugðið er upp ævintýrlegum myndum úr Indíalöndum, *Brandenburgarkonsert* nr. 2 eftir Bach þar sem Baldvin Oddsson, Hallfríður Ólafsdóttir, Felicia Greciuc og Nicola Lolli fara með einleikshlutverkin og *Prag*-sinfónía Mozarts sem hann samdi á hátindi ferils síns. Hljómsveitarstjóri er Dirk Vermeulen sem nýtur virðingar víða um heim fyrir innblásna túlkun sína á tónlist 17. og 18. aldar.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

18. OKTÓBER 2018

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Þórdís Stross
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Kristján Matthíasson
Pascal La Rosa
Ólöf Þorvarðsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir

VÍÓLA

Anton Vilkhov
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Lucja Koczot
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Sarah Buckley

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Helga Björg Ágústsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Clara Pérez Sedano

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjann Ingason
Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingvólfsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson
Kasper Knudsen

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingvólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*

Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

11. DES 19:30
BÍÓTÓNLEIKAR



SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM

Pessi fyrsta leikna kvikmynd Óskars Gíslasonar var frumsýnd árið 1950 og naut fádæma vinsælda. Tónlistina samdi Jörunn Viðar og var þetta fyrsta kvikmyndatónlist sem samin var á Íslandi við mynd í fullri lengd. Í tilefni af aldarafmæli Jörunnar, sem fæddist 7. desember 1918, verður myndin sýnd við lífandi hljóðfæraleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bjarni Frímenn Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Jörunn Viðar / Óskar Gíslason
Síðasti bærinn í dalnum

Samstarfsverkefni Kvikmyndasafns
Íslands og SÍ.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA